

Nd.

414. Frumvarp til laga

[182. mál]

um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda.

Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa verið í lögum ákvæði um heimild til að fyrirskipa atvinnurekendum að vinna við innheimtu opinberra gjalda, á þann hátt, að þeim sé gert skylt að halda gjöldum eftir af kaupi fólks, er hjá þeim vinnur, og skila fénu til innheimtumanna hins opinbera. Heimildir þessar munu víða notaðar í seinni tíð, en engin þóknun greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun opinberra gjalda, sem á þennan hátt er látin í té.

Fyrirmyndir að lagasetningu um þetta efni munu hafa verið fengnar hjá nágrannaþjóðum okkar. En þó að slíkt geti þótt góð latína hjá þeim, er ekki þar með sagt, að slíkt eigi vel við í okkar þjóðfélagi. Vera má, að öðruvísi og betur sé húið á ýmsan hátt að atvinnuvegunum hjá þeim heldur en hér á landi. Hér eiga ýmsar atvinnugreinar í miklum erfiðleikum um þessar mundir og ekki sízt sumar þær, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðfélagið. Og ekki er sanngjart að íþyngja þeim með sérstökum kvöðum í opinbera þágu.

Skömmu eftir síðustu áldamót var flutt tillaga á Alþingi um almenna þegn-skylduvinnu. Það mál var þá kveðið niður. Sennilega er þjóðin enn fráhverfari þeirri hugmynd nú en þá var. Þó að menn elski sitt land, munu fæstir vilja vinna kauplaust í þágu þess. Það er ekki tízka nú á tímum að vinna fyrir ekki neitt. Þegar það almenna viðhorf er haft í huga, má teljast einkennilegt, að þegnskylda skuli hafa verið lögð á vissa aðila, svonefnda atvinnurekendur eða launagreiðendur, jafnt einstaklinga sem félög, þegar allir aðrir eru lausir við slíkar kvaðir. Með þessu hafa atvinnurekendur verið beittir rangindum. Þeir verða að taka á sig mikla vinnu við innheimtu og ýmiss konar skýrslugerðir í því sambandi, og þessu fylgir ábyrgð og áhætta, en þeir fá enga borgun fyrir sína fyrirhöfn.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að nokkuð verði hér úr bætt. Lagt er til, að atvinnurekendur, sem innheimta opinber gjöld, fái þóknun fyrir það starf, er nemi 3% af innheimtufénu. Það getur verið álitamál, hvort sú þóknun er hæfileg eða hvað hún á að vera mikil. Er það athugunarefni fyrir þá þingnefnd, sem væntanlega verður falið að fjalla um málið. Aðalatriðið er, að hér komi sanngjörn þóknun fyrir unnin störf.